

Sp.

696. Þingsályktun

[220. mál]

um skipulagsskrá fyrir Þjóðhátíðarsjóð.

(Afgreidd frá Sp. 4. maí.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að setja Þjóðhátíðarsjóði þá skipulagsskrá, sem prentuð er með ályktun þessari.

Fylgiskjal.

Skipulagsskrá fyrir Þjóðhátíðarsjóð.

Sjóðurinn heitir Þjóðhátíðarsjóður.

Stofnfé hans er ágóði af útgáfu Seðlabanka Íslands á þjóðhátíðarmynt í tilefni 1100 ára búsetu á Íslandi 1974.

Forsætisráðuneytið hefur í umboði ríkisstjórnarinnar og í samráði við dómsmálaráðuneytið og Seðlabanka Íslands samið eftirfarandi skipulagsskrá fyrir sjóðinn:

1. gr.

Stofnfé sjóðsins 300 000 000 — þrjú hundruð milljónir króna —, sem er ágóði Seðlabanka Íslands af útgáfu þjóðhátíðarmyntar í tilefni 1100 ára búsetu á Íslandi 1974, skal mynda höfuðstól sjóðsins. Höfuðstólinn má auka með fjárupphæðum, sem síðar kunna að berast sjóðnum.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins skal varðveitt í Seðlabanka Íslands og ávaxtað með hagkvæmstu kjörum á grundvelli verðtryggingar eftir nánari ákvörðun stjórnar sjóðsins.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að veita styrki til stofnana og annarra aðila, er hafa það verkefni að vinna að varðveislu og vernd þeirra verðmæta lands og menningar, sem núverandi kynslóð hefur tekið í arf.

- a) Fjórðungur af árlegu ráðstöfunarfé sjóðsins skal renna til Friðlýsingarsjóðs til náttúruverndar á vegum Náttúruverndarráðs.
- b) Fjórðungur af árlegu ráðstöfunarfé sjóðsins skal renna til varðveislu fornminja, gamalla bygginga og annarra menningarverðmæta á vegum Þjóðminjasafns.

Að öðru leyti úthlutar stjórn sjóðsins ráðstöfunarfé hverju sinni í samræmi við megingilgang hans, og komi þar einnig til álita viðbótarstyrkir til þarfa, sem getið er í liðum a) og b).

Við það skal miðað, að styrkir úr sjóðnum verði viðbótarframlög til þeirra verkefna, sem styrkt eru, en verði ekki til þess að lækka önnur opinber framlög til þeirra eða draga úr stuðningi annarra við þau.

4. gr.

Heimilt er að ráðstafa öllum árlegum tekjum sjóðsins til styrkveitinga í samræmi við tilgang hans.

5. gr.

Styrkir úr sjóðnum skulu auglýstir til umsóknar í fjölmiðlum samkvæmt nánari ákvæðum, er sjóðsstjórn ákveður. Úthlutun styrkja skal fara fram árlega og tilkynning um hana birt opinberlega.

6. gr.

Í stjórn sjóðsins skulu vera fimm menn skipaðir til fjögurra ára. Þeir skulu kjörnir af Sameinuðu Alþingi, einn skal tilnefndur af ríkisstjórn Íslands og einn af Seðlabanka Íslands. Sömu aðilar skulu kjósa og skipa jafnmarga varamenn til sama tíma. Forsætisráðherra skipar formann sjóðsstjórnar.

Stjórnin þiggur ekki laun fyrir störf sín.

7. gr.

Stjórn sjóðsins ákveður, hve miklu fé er varið til styrkveitinga hverju sinni innan þeirra marka, sem sett eru í 4. gr.

Stjórn sjóðsins úthlutar styrkjum.

8. gr.

Seðlabanki Íslands annast ritara- og skrifstofustörf sjóðsins endurgjaldslaust, samkvæmt nánara samkomulagi milli bankans og sjóðsstjórnar.

Annar kostnaður greiðist úr sjóðnum.

9. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af Ríkisendurskoðun. Þeir skulu birtir árlega í Stjórnartíðindum.

10. gr.

Ef nauðsyn krefur, setur stjórnin sér starfsreglur, er hafa að geyma nánari fyrirsmæli um starfsemi sjóðsins.

11. gr.

Leita skal með þingsályktun heimildar Alþingis til að setja skipulagsskrá þessa. Leita skal staðfestingar forseta Íslands á henni og hún birt í B-deild Stjórnartíðinda.